

Rómverjabréfið 1.24-27

Inngangur

Oft er vísað til Róm. 1.24-27 í samtíma umræðu um samkynhneigð. Fullyrt er að Páll fordæmi bæði homma og lesbíur í versum 26b-27a. Ég mun fjalla um þau vers sérstaklega og kynna mögulega túlkun þeirra í tengslum við röksemdafærslu Páls í fyrsta kafla Rómverjabréfsins. Nánasta samhengi umræddra orða er umræða Páls um skurðgoðadýrkun annarra þjóða en Gyðinga og afleiðingar hennar (Róm. 1.18-27):

18) Guð hefur opinberað refsidóm sinn. Reiði hans beinist gegn öllu guðleysi og illsku manna sem fremja ranglæti og koma í veg fyrir að sannleikurinn birtist. 19) Þeim er ljóst hvað vitað verður um Guð. Guð hefur birt þeim það. 20) Enginn getur séð Guð en hann lætur menn sjá sig af því sem hann gerir. Guð skapaði heiminn og því geta menn séð eilífan mátt hans og guðlegt eðli hans af því sem hann gerir. Mennirnir eru því án afsökunar. 21) Þeir þekktu Guð en hafa samt ekki vegsamað hann eins og Guð né þakkað honum heldur hafa hugsanir þeirra ratað í villu og hið skynlausa hjarta þeirra hefur hjúpast myrkri. 22) Þeir þóttust vera vitrir en urðu heimskir. 23) Í stað þess að tilbiðja dýrlegan og eilífan Guð *sneru þeir sér til mynda* sem líktust dauðlegum manni, fuglum, ferfætlingum og skriðkvikindum.

24) *Þess vegna* ofurseldi Guð þá löngunum hjartna þeirra á vit vansæmdarinnar/óhreinleikans, svo að líkamar þeirra yrðu svívirtir á meðal þeirra 25) sem skiptu út sannleika Guðs fyrir lygi og báru lotningu fyrir og dýrkuðu hið skapaða í stað skaparans, sem er blessaður um eilífð, amen.

26) *Þess vegna* ofurseldi Guð þá svívirðilegum girndum. Bæði hafa konur þeirra *breytt* eðlilegri *notkun* í ónáttúrulega og 27) eins hafa karlar hætt eðlilegri *notkun* á konum og brunnið af þrá hver til annars. Karlmennt hafa framið skömm (a)sxemosu/nh) með karlmönnum og hafa sjálfir fengið að kenna á óhjákvæmilegri afleiðingu villu sinnar.

„Notkun“ (xrh=siv)¹

Ég mun gera tilraun til að skýra hugsun Páls með því að huga fyrst að orðinu xrh=siv í Róm. 1.26b-27a. Orðið þýðir einfaldlega *notkun* en er oft þýtt með orðinu *mök* í íslenskum þýðingum. Þetta er algengt orð og er reyndar oft notað um mök karls eða konu og því er slík þýðing eðlileg. Oft vísar orðið til þess sem *taumlaus* einstaklingur, oftast karlmaður, „gerir“ við þann aðila sem hann hefur löngun til, hvort heldur karl eða konu. Í þessu sambandi má benda á að „notkun“ kynlífs og matar voru talin vera sambærileg. Þessi hliðstæða varpar ljósi á þær kvaðir sem giltu um kynlíf: Sælu eða ánægju kynlífs bar að takmakra við gagnsemi þess. *Ofát* og *taumleysi* í kynlífi voru hliðstæður.

Oft vísar orðið xrh=siv til „notkunar“ karlsins á eiginkonu sinni; dæmi eru um „notkun“ karlmanns á annarri konu en eiginkonu sinni. Miklu sjaldnar er vísað til „notkunar“ eiginkonu á eiginmanni en „notkunar“ karlmanns á kvenmanni. Sérfræðingum hefur reynst erfitt að finna texta sem vísar til kynferðislegrar „notkunar“ kvenna á öðrum konum. Skýringin er líklega sú að karlrithöfundum var ekki umhugað um kynlífsreynslu kvenna og gátu varla hugsað sér konu sem „notanda“ eða geranda í þessu sambandi; það var skilgreint hlutverk karla.

Samlíkingin um „notkun“ í tengslum við kynlíf veur ekki upp spurningar varðandi kyngervi þátttakendanna. Þar sem fjallað er um „notkun“ eiginmanns á eiginkonu er barnaníðingsháttur stundum kynntur til sögunnar til samanburðar þar sem vísað er til „notkunar“ *elskandans* (e)rasth/v) á hinum *elskaða* (e)rw&menov). Talað var um barnaníðingshátt sem „notkun á karlmanni sem kona væri“. Þetta sýnir að samlíkingin átti trúlega uppruna sinn í „kynferðislegri notkun“ karls á eiginkonu sinni. Þó ber að hafa í huga að kyn eða kyngervið skipti litlu sem engu máli samhliða myndlíkingunni. Þannig eru til heimildir þar sem xrh=siv vísar í sama texta til „notkunar“ karlmanns, *bæði* á konum og körlum. Það sem gagnrýnt er í þeim texta er ekki val karlmannsins á kyni viðfangsins heldur sú *taumlausa ástríða* sem einkenndi hegðun hans.

¹ Ég stýðst hér við David E. Fredrickson, “Natural and Unnatural Use in Romans 1:24-27: Paul and the Philosophic Critique of Eros,” 197-222 (sjá sér í lagi bls. 199-207) og aðrar sérfræðirannsóknir sem vísað er til í neðanmálsgreinum.

Hvaðan kemur samlíkingin um kynlíf sem „notkun“ fremur en t.d. *innilegt* samband? Vegna ríkjandi hliðstæðu milli áts og kynlífs? Líklegri uppruni er orðræða sem mótaðist um hússtjórnina (oi)konomi/a þar sem yfirmaðurinn eða *eigandinn* „notaði“ allt sem réttilega var hans, þar með talið eiginkonu sína og þræla. „Eign“ (kth=siv) og „notkun“ (xrh=siv) voru eðlilega samtvinnuð þótt höfundar vísi reyndar ekki til „kynlífsnotkunar“ í þessu sambandi. Hins vegar var mikið rætt innan þessarar orðræðuhefðar um „réttu notkun“ (o)rqh xrh=siv).

Stefnt skyldi að stjórn ástríðnanna, jafnvel eyðingu þeirra, til að tryggja rétta notkun á *eignum* manns. Þessi orðræða mótaði viðhorf margra utan hússtjórnarfræðanna (oi)konomi/a). Rétt notkun ytri hluta og áreitis var aðalviðfangsefni Stóumanna. Líkur á aukinni hamingju fólust m.a. í að nota hluti sem voru hvorki góðir né slæmir, svonefndir a)dia/fora, *til gagns* en ekki til ánægju. Rétt notkun krefst þess að maður hafi stjórn á sjálfum sér og ástríðum sínum. Hugmyndin var sú að nota a)dia/fora ástríðulaust! Þetta átti einnig við um rétta notkun á kynlífs-„eign“ manna; hæfileg notkun á kynlífi en ekki óhóf var það sem menn áttu að ástunda. Innan þessarar orðræðuhefðar er að finna samheitið „náttúruleg eða eðlileg notkun“ (fusikh xrh=siv) fyrir „réttu notkun“.

„Náttúruleg notkun“? (fusikh xrh=siv).

Páll kynnir til sögunnar nýtt atriði í Róm. 1.26 þegar hann segir að „konur þeirra“ hafi breytt „eðlilegra notkun“ í „ónáttúrulega“ og að karlar hafi hætt „eðlilegri notkun á konum“.² Vísunin til e-s „ónáttúrulegs“ er óljós þar sem orðin „náttúra“ og

² Umræðan um tengsl samræði fólks af sama kyni við *náttúrulega* hegðun var útbreidd. Fílon fjallar um lög Gyðinga gegn frillulífi og samband samkynja fólks í *Spec. Leg.* 3.37-39 (sbr. 3. Mós. 18.22; 20.13; 5. Mós. 23.18). Sjá einnig *Abr.* 135, 136 og *De Cont.* 59-62. Í seinni textanum er að finna gagnrýni á *Samdrykkju* Platons. Finna má samhljóm í textum Páls og Fílon; báðir líta á samræði fólks af sama kyni sem andstæða náttúrunni. Fílon gefur jafnframt ástæður fyrir því hvers vegna hafna beri slíkri hegðun sem illri. Í Fals-Lúkíanosi (*Hjartans mál* 19-20) er að finna sambærilega orðanotkun og hjá Páli; samband fólks af ólíku kyni er *náttúrulegt*, samband fólks af sama kyni er *ónáttúrulegt*. Þessi skoðun um samræði samkynja fólks var útbreidd (sbr. Aeschines, *Speeches*, “Timarch” 185; Plutarchos, *Moralia*, *De placitis Philosophorum* 990D-F; “Dialogue on Love” 751C-D; Galenos, *De Propiorum Animi . . . Affectum* 6.9; Ovídíus, *Metamorphoses* 9.715-48). Eins og Páll leit Platon svo á að samræði samkynja fólks væri *ónáttúrulegt* (sbr. Faídrod 251A; Lögin 1.636 B-D; 8.841D-E). Það þýddi þó ekki að slík hegðun væri *siðlaus*. Siðleysið í sambandinu var fólgið í því að ein persóna tældi

„náttúrulegur“ eru notuð á margvíslegan hátt. Oftast notar Páll orðið „náttúra“ til að draga fram tengsl lífræns hlutar við fortíðina; þannig dregur hann fram muninn á greinum sem enn eru hluti af hinu upprunalegu tré (*kata physin*, samkvæmt náttúrunni, náttúrulegar greinar) og þeim sem hafa verið græddar á nýtt tré jafnvel óskyldrar tegundar (*para physin*, ónáttúrulegar greinar, andstæðar náttúrunni).³ Jafnframt talar Páll um þá sem eru „náttúrulega“ án lögmáls,⁴ óumskornir⁵ eða Gyðingar.⁶ Gyðingur er Gyðingur „af náttúrunnar hendi“ (Róm. 2.15) og aðrir en Gyðingar eru „óumskornir í náttúrulegu ástandi þeirra“ (Róm. 2.27) en þeir geta „með ljósi náttúrunnar“ gert það sem lögmálið krefst af þeim (Róm. 2.14). Ef þetta er merkingin í Róm. 1, endurtekur Páll það sem hann hafði nú þegar ýjað að, þ.e. að skurðgoðadýrkendur hafi laðast að sama kyni eftir að Guð gaf þá á vit langana þeirra; því við þá „svívirðu“ (‘að skipta út sannleika Guðs fyrir lygi’) breyttist „náttúruleg hegðun“ þeirra og þeir glötuðu ákveðinni samfellu við fortíð sína og fyrri hegðun.

Í 1. Kor. má sjá aðra merkingu orðsins „náttúra“. Í tilraun sinni til að sannfæra Korintumenn um að konum beri að hylja höfuð sín þegar þær spá segir Páll m.a.: „Dæmið sjálfir: Sæmir það konu að biðja til Guðs berhöfðuð? Kennir ekki sjálf náttúran yður, að ef karlmaður ber sítt hár, þá er það honum vansæmd (*atimia*), en ef kona ber sítt hár, þá er það henni sæmd? Því að síða hárið er gefið henni í höfuðblæju stað“ (1. Kor. 11.15). Hér virðist „náttúra“ þýða viðurkennda og útbreidda félagslega hefð. Hugtökin „náttúrulegur“ og „ónáttúrulegur“ vísa þá til hefða í víðasta skilningi

aðra af slægð. Ef samband (samræði) fólks af sama kyni væri lögleitt myndi siðferðisspurningin ekki snúast um það hvort það væri *náttúrulegt* eða ekki, heldur um það hvort það ýtti undir sjálfstjórn, hugrekki og mannkosti. Að mati Platons myndi enginn halda slíku fram.

³ Róm. 11.24, „Þú varst höggvinn af þeim olíuviði, sem eftir eðli sínu var villiviður, og ert gegn eðli náttúrunnar græddur við ræktaðan olíuvið. Hve miklu fremur munu þá þessar náttúrulegu greinar verða græddar við eigin olíuvið? “ Guð „gegn eðli náttúrunnar“ hjó aðra en Gyðinga af þeim olíuviði sem eftir eðli sínu var villiviður og græddi þá við ræktaðan olíuvið.

⁴ Róm. 2.14, „Þegar heiðingjar, sem hafa ekki lögmál, gjöra að eðlisboði það sem lögmálið býður, þá eru þeir, þótt þeir hafi ekki neitt lögmál, sjálfum sér lögmál.“

⁵ Róm. 2.27, „Og mun þá ekki sá, sem er óumskorinn og heldur lögmálið, dæma þig, sem þrátt fyrir bókstaf og umskurn brýtur lögmálið?“

⁶ Gal. 2.15, „Vér erum fæddir Gyðingar, ekki syndarar af heiðnu bergi brotnir.“

þess orðs.⁷ Hið „ónáttúrulega“ eða það sem er „andstætt náttúrunni“ gengur þannig á skjön við það sem er hefðbundið.

Í því ljósi hefðu Grikkir hugsanlega geta varið samband fólks af sama kyni sem náttúrulegt því það var ekki á skjön við siðferði margra. Samband eldra karls og drengs (*pederastía*; barnaníðingsháttur) var „náttúruleg“ þar sem það hvíldi á aldagamalli hefð.⁸ En Grikkir notuðu einnig orðasambandið andstætt náttúrunni (*para physin*) þegar þeir fjölluðu um hefðbundin kynlífsatriði. Páll eða aðrir kristnir menn á upphafsöldum okkar tímatafs voru því ekki fyrstir til að tengja hugtökin „náttúrulegur“ og „ónáttúrulegur“ við tiltekna kynlífsorðræðu. Nauðsynlegt er að gera greinarmun á nútíma viðhorfum og fornum til þess hvað er náttúrulegt. Samkvæmt grísk-rómverskum hefðum birti „náttúran“ (*physis*) grundvallarreglu menningarinnar („náttúra“ = „menning“) eða hefðbundna og eðlilega þætti í fari persónunnar, en ekki lífræðilega eða genetíska. Orðið „ónáttúrulegur“ var samheiti hins „óhefðbundna.“ Í heimspeki Stóumanna og Fílons vísaði *physis* aðallega til þeirra hefðbundnu laga sem fólki bar að fara eftir.⁹

En hvað þýðir orðasambandið „náttúruleg notkun“ í þessu tiltekna samhengi þar sem það tengist augljóslega ákveðinni kynhegðun? Sennilega er best að svara þeirri spurningu með hliðsjón af orðræðuhefð er tengdist hinum vitra og dyggðum prýdda manni. Þar var talað um að hinn *vitri maður* fengist við ytri hluti „á náttúrulegan hátt“ (kata fu/sin); náttúruleg notkun forðast ofgnótt og taumleysi; notkun á ytri hlutum sem stjórnast af ástríðunum er „ónáttúruleg“ (para fu/sin).¹⁰

Rök Páls tengjast siðferðislegu mati á réttri eða náttúrulegri notkun ytri hluta og mikilvægi *verknaðarins* fyrir sálarástand geranda hinnar kynferðislegu löngunar. Þessi túlkun fæst staðfest í ljósi þess hvernig orðið „náttúra“ var notað í umræðum um

⁷ Gyðingar töldu að maður með sítt hár væri kvenlegur. Sjá *Fals-Fokylides* 212, „Sítt hár hæfir ekki piltum heldur munúðarfullum konum.“ Fílon, Lögin 3.37; Maud Gleason *Making Men* (Princeton: Princeton University Press, 1995), 69, bendir á að hár var einnig notað í umræðu Stóumanna um kyngervi.

⁸ Kenneth J. Dover, *Greek Homosexuality* (Duckworth, 1978), 66.

⁹ At mati Seneka voru til dæmis heit böð, pottablóm, veislur eftir sólarlag og óvirkir karlmann í kynlífi, andstæðir náttúrunni, *contra naturam* (Seneka, 122.7-8; Winkler, 1990, 21).

¹⁰ Sjá til dæmis Epiktetos, *Orðræða* 3.3.2,3,6,24; 3.16.15; 4.5.23; 4.10.26.

ástríður og kynferðislegar langanir. Sjá má tengsl milli hins „ónáttúrulega“ og taumleysis og óstjórnar þegar *eðlileg tengsl* manns við umhverfið fara úr böndunum.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að *eðlilegt* eða *náttúrulegt* kynlíf var í hinum forna heimi skilið á þrjá vegu: 1) til æxlunar; 2) sem tákn „eðlilegrar“ hugmyndar um yfirburði karla; 3) sem ástríðulaust eða ástríðulítið. Það sem skiptir máli fyrir túlkun á Róm. 1.24-27 er að eingöngu síðastnefndi kosturinn er tengdur við „notkun“ í textum úr grísk-rómverskri fornöld! Þetta er skýr vísbending um að Páll er að fjalla um þann kost, þ.e. ástríðurlaust eða ástríðulítið kynlíf. Það er í slíku samhengi sem skilja ber hið „náttúrulega“ hjá Páli í fyrsta kafla Rómverjabréfsins.

Með því að tengja „notkun“ við „hið náttúrulega“ fylgir Páll mörgum, sem töldu að ástríðurnar og *stjórn á þeim* væri aðalverkefni manna og skírskotaði til allra þátta lífsins. Hið náttúrulega var hið ákjósanlegasta *ástand* manns sem hefur sjálfstjórn (e)gkrath/v) í andstöðu við hið „ónáttúrulega“ ástand þess sem hefur ekki taumhald á ástríðum sínum (a)krath/v). *Stjórnleysi* (a)krasi/a) bar að varast undir öllum kringumstæðum; *sjálfstjórn* (e)gkra&teia) var hið eftirsóknarverða ástand. Þegar rætt var um *ástríðuleysi* (a)paqei&a) og *náttúrulega hegðun* mótaðist aðgreiningin af tveimur tegundum kynferðislöngunar. Hin „náttúrulega löngun“ (fusikh e0piqumi/a) er hæfileg löngun. Hin „ónáttúrulega“ fólst í því að *taka of mikið* af því sem neytt var.

Hvað felst þá í orðasambandinu „ónáttúruleg notkun“? Rannsókn á notkun orðsins xrh=siv í samtíð Páls, sýnir að nánustu hliðstæðuna er að finna í áhuga heimspekinga á þeim *vandkvæðum* er tengdust sjálfstjórn eða skorti á henni vegna erótískrar ástar. „Ónáttúruleg notkun“ í slíku samhengi fer ekki mest eftir kyni gerandans, heldur eftir skorti á sjálfstjórn eða taumleysi þess sem „notar“ líkama annarra.

Þetta vekur upp efirfarandi spurningu: Er Páll í reynd að fjalla um vandkvæði *allra óheftra ástríðna* út frá afleiðingunum, en ekki um brot á guðlegri skikkan kynmaka karla og kvenna? Sú túlkun verður sennilegri ef hægt er að sýna fram á að lyklatríði í rökum Páls verði best skilin með hliðsjón af *sálarfræði erótískrar ástar* í hinum forna heimi. Þótt Páll nefni ekki e)/rwv (eros) sem meginorsök hins mannlega ástands er ljóst að orðin sem hann notar í samhenginu, þ.e. *löngun* (1.24, e)piqumi/a), *ástríða* (1.26, pa/qov), *að brenna* (1.27, e)kkai/w), *þrá* (1.27, o)/reciv) og *villa* (1.27,

pla/nh), *benda sterklega í þá átt*. Þar sem e)/rwv / *eros* var að margra mati *óseðjandi* var hún „andstæð náttúrunni“. ¹¹

Erótísk ást og „hættur“ hennar

Þessi orðræðuhefð sýnir að Páll bregður ljósi á þær hættur sem menn töldu að fylgdu taumlausum erótískum ástríðum. Páll segir sögu af fólki sem hefur orðið ástríðunum „að bráð“: Þráin eða „aðdrátturinn“(o)/reciv) eins og Páll kemst að orði í Róm. 1.27a, varð að óslökkvandi báli. Afleiðingin er stöðugt ójafnvægi; að fá aldrei nægju sína. Það brýtur gegn grundvallarreglu grísk-rómverskrar siðfræði, þ.e. *nægjuseminni* sjálfri. Villan er fólgin í því að taka erótíska og ástríðufulla ást fram yfir „náttúrulega notkun.“¹²

Hvers vegna dregur Páll athyglina sérstaklega að ástríðunum eða afleiðingum erótískrar ástríðu? Samkvæmt Róm. 1.18-32 er röng notkun eða vanvirðing ástríðnanna afleiðing guðlegrar refsingar; *taumleysi* er að virða ekki og heiðra hinn eina sanna Guð. Afleiðingin er réttlát reiði Guðs og það sem henni fylgir. Í Róm. 1.18 og segir Páll að reiði Guðs hafi komið til sögunnar vegna þess óréttlætis sem menn beittu persónu hans! Skeytingarleysi var eitt aðal einkenni á óréttlátri hegðun manna gagnvart guðunum. Vert er að hafa í huga það sem sagt var í umfjölluninni um 1. Korintubréf; það sem Gyðingar töldu að einkenndi aðrar þjóðir en þá var skurðgoðadýrkun og kynferðislegt lauslæti.

Hér er mikilvægt að átta sig á hvað átt er við þegar talað er um „réttláta“ reiði og „makleg“ málagjöld. Í Róm. 1.21 lýsir Páll því að menn gáfu Guði ekki það sem Guði bar; heiður, dýrð og virðingu. Skurðgoðadýrkun er persónuleg móðgun við Guð. Í réttlátri reiði sinni refsaði Guð þeim sem komu með órétti fram við hann. Þetta

¹¹ Sjá Fredrickson, “Natural and Unnatural Use in Romans 1:24-27: Paul and the Philosophic Critique of Eros,” 227-235.

¹² Hugleiðingar Epiktetosar, samtímamanns Páls postula, eru mikilvægar í þessu sambandi. Samkvæmt honum má líta á mannlega breytni með hliðsjón af þremur atriðum, þ.e. löngun (o)/reciv), ákvörðun (o)(rmh/) og samþykkt (sugkata/qesiv). Öll tengjast þau viðfangi gerandans. Samkvæmt Epiktetosi er löngun náttúruleg þegar hægt er án erfiðleika að verða sér út um viðfang löngunarinnar en ónáttúruleg ef erfitt eða óyfirstíganlegt er að nálgast viðfangið. Epiktetos, *Orðræða* 2.8.29; 2.17.15-16; 3.2.1-4; 3.12.1-12; 3.22.42-44; 4.4.14-18; og 4.6.18, 26. Sjá B. Inwood, *Ethics and Human Action in Early Stoicism* (Oxford: Calrendon, 1985), 116-126.

viðhorf er samstíga útbreiddu viðhorfi sem taldi „reiði“ birtingarmynd refsilöngunar; að sá sem gerði á hlut einhvers fengi makleg málagjöld og yrði fyrir sömu vanvirðu og sá sem brotið var á.

Hér ber að hafa í huga að menn litu svo á að það að vanvirða Guð leiddi til félagslegrar vanvirðu fyrir gerendurna. Hvernig getur sú gjörð Guðs „að ofurselja“ menn valdi ástríðnanna leitt til þess að þeir sem gerðu á hlut Guðs yrðu svívirtir félagslega? Jú, erótískar ástríður *leiða til* slíkrar vanvirðu: „Þess vegna ofurseldi Guð skurðgoðadýrkendur löngunum (e)piqumi/ai) hjartna þeirra til óhreinleika (a)kaqarsi/a) svo að líkamir þeirra mættu verða svívirtir (a)ótima/zesqai) á meðal þeirra“ (Róm. 1.24).

Páll notar orðið e)piqumi/ai (girnd, ástríða, löngun) oftast neikvætt, stundum í framhaldi af grísku þýðingunni á 10. boðorðinu í merkingunni „að girnast“.¹³ Páll segir að vegna skurðgoðadýrkunar hafi Guð ofurselt þjóðirnar á vit „langana“ eða „ástríða“ hjartna þeirra til óhreinleika sem leiddi til þess að menn „svívirtu“ líkama sína opinberlega. Svo er að sjá sem Páll hafi talið að langanir útlendinga væru öðruvísi en langanir Gyðinga. Páll talar um *breytingu* á hegðun sem afleiðingu skurðgoðadýrkunar og skýrir breytinguna með skírskotun til guðlegrar ráðstöfunar (Guð ofurseldi þá í þetta ástand). Páll notar orðið a)kaqarsi/a (óhreinleiki/vanvirða) um það athæfi sem umrædd löngun leiddi til.¹⁴ Hvers vegna? Hugsanlega til að höfða til gyðinglegs hluta samfélagsins. Jafnvel þótt Páll gerði ekki ráð fyrir að menn tækju upp hreinleikareglur Gyðinga er ljóst að með því að nota þetta orð þá setur hann þau atriði sem vísað er til inn á svið þess sem er bannað, fordæmt og spillt.¹⁵

¹³ Róm. 7.7b, „Sannleikurinn er sá að án lögmálsins hefði ég ekki vitað hvað syndin er. Ég hefði ekki vitað um girndina hefði ekki lögmálið sagt: „Þú skalt ekki girnast“ (sbr. 2. Mós. 20.17LXX).

¹⁴ Um hreinleika í Páli, sjá Countryman 1988, 109-23; Brotten 1996, 233-37, 288-93.

¹⁵ Sjá Róm. 6.19; 2. Kor. 12.21; Gal. 5.19; 1. Þess. 2.3; 4.7. Það er vel hægt að ímynda sér að Páll taldi að þær óhreinu athafnir sem hann fjallar um í Róm.1 séu syndugar, því trúarhefðir bæði Ísraels og kristni hafa verið viljugar að ímynda sér að Guð refsi eina synd með því að stuðla að því að syndarinn drýgi aðra (2. Makk. 6.12-17). Countryman 1988 hafnar því að Páll líti á (slíkan) óhreinleika sem „synd“ þar sem engin hefðbundin grísk orð yfir synd er að finna í samhenginu. Páll notar allmörg orð um synd, sem sem *hamartia* og *hamartema* (synd), *anomia* (lögleysa, lögbrot), *adika* (óréttlæti) og *asebeia* (óguðleysi). Þetta orðalag kemur tvisvar fyrir í Róm. 1, annars vegar með vísun til skurðgoðadýrkunar og hins vegar í upphafi lista yfir fjölmörg rangindi, svo sem *pleonexia* og margar andfélagslegar hegðanir, en þó engar kynferðislegar. Páll notar ekki orð er tengjast syndaskilningi hans

Fullyrðingin „að líkamir þeirra mættu verða svívirtir (a0tima/zesqai) á meðal þeirra“ tengir óhreinleikann félagslegri vanvirðu en í gyðinglegum ritum voru hin lægst settu í þjóðfélaginu óhrein og sjúklega óhreinum, eins og t.a.m. holdsveikum, ýtt út að mærum samfélagsins.¹⁶ Páll notar bæði hugtakaförða (ó)hreinleika og félagslegrar stöðu. Hann orðar hugsun sína skýrar í Róm. 1.26-27:

Þess vegna ofurseldi Guð þá svívirðilegum girndum (pa/qh a)timi/av). Bæði hafa konur þeirra breytt eðlilegri notkun (fusikh xrh=siv) í ónáttúrulega (para fu/sin) og eins hafa karlar hætt eðlilegri notkun á konum og brunnið af þrá (o!reciv) hver til annars. Karlmennt hafa framið skömm (a)sxemosu/nh) með karlmönnum og hafa fengið að kenna á óhjákvæmilegri afleiðingu villu (planh/) sinnar.

Orðið a)kaqarsi/a (1.24) og a)sxemosu/nh (1.27) tilheyra gyðinglegri hreinleikaorðræðu, en orð eins og e0piqumi/a (1.24), pa/qh (1.26) og o!reciv (1.27) sem öll vísa til ástríðna og langana, ásamt *ta (me) kathekonta* (1.28), eru stöðluð orð í siðfræðiorðræðu Stóumanna sem töldu að fullvaxta og vel þroskaðir einstaklingar ættu að hafa stjórn á löngunum sínum og ástríðum.¹⁷

Orðið a)sxemosu/nh tengir málefnið við æskilega félagslega breytni. Í grísk-rómverskri menningu var mesta félagslega ábyrgðin fólgin í því að viðhalda eða auka virðingu stórfjölskyldunnar, hvort heldur með því að auka félagslegan hróður hennar eða með því að forðast hvaðeina sem gæti komið óorði á hana. Val Páls á orðinu a)sxemosu/nh gæti jafnframt hafa tengt orðræðu hans við hreinleikalög Gyðinga, því LXX notaði orðið m.a. til að vísa til kynferðisbrota hreinleikalaganna, kynfæra og mannlegs saurs. Páll efast ekki um að breytingin sem er til umfjöllunar sé andstæð hreinleikalögum Gyðinga og því óhrein.¹⁸

yfir samræði samkynja fólks. Sjá gagnrýni Brotten (1996, 235-36, n. 57) sem bendir á að Countryman ræði ekki Róm. 6.15-23 þar sem Páll dregur fram hliðstæðu milli þjónustu við synd (sem leiðir til dauða, 6.16) og þjónustu við siðlaus og ill öfl (6.19).

¹⁶ 1 Mós. 34.14; Esekíel 28.19; 22.10; 18.6; Jobsbók 36.14.

¹⁷ Sjá t.d. Díogenes Laertios, 7.108-113.

¹⁸ 3. Mós. 18 og 20; 2. Mós. 20.26; 22.26; 5. Mós. 23.13. Í LXX er a)sxemosu/nh notað til að þýða hebreska orðið *erwa*, *nekt*, sem notað var um kynfæri kvenna; það er oft notað í 3. Mós. 18 og 20 um sífjaspell en í sömu köflum má finna bann við samræði karla. Orðin *akatharsia/akathartos* þýða orð sem eru leidd af hebresku rótinni *tm'* sem vísar til óhreinleika í helgihaldi. Í Orðskviðunum (LXX) er

Yfirþyrmandi ástríður (e)n tai=v e)piqumi&av tw=n kardi/wn) er aðferð Guðs til „að ofurselja“ menn valdi svívirðunnar. Í Róm. 1.26 endurtekur Páll tengslin milli refsingar, ástríðna og vanvirðu: „Þess vegna hefur Guð ofurselt þá svívirðilegum girndum (pa/qh a)timi/av.“ Hér er refsingin aftur sú að menn eru „ofurseldir ástríðunum“, sem er félagsleg vanvirða þar sem þeir missa þá sjálfstjórn sem talinn var nauðsynlegt einkenni á sérstöðu þeirra sem karlar.

Í Róm. 1.27 talar Páll um þá „refsingu (a)ntimisqi&a) sem var nauðsynleg eða óhjákvæmileg vegna villu (planh/) þeirra“. Þessi „nauðsynlegu tengsl“ milli refsingar (a)ntimisqi&a) og villu (planh/) eru áhugaverð. Refsing villunnar var myndlíking um *hin illu áhrif* ástríðufullrar löngunar sem sjá mátti í *eyðileggjandi áhrifamætti þess óseðjandi*; á fjármál, jafnvægi og samfélagslegan heiður viðkomandi.

Hið „óseðjandi“ er refsing villunnar; refsing óhófs sem leiðir til skammar og svívirðu meðal manna. Páll notar orðið a)sxemosu/nh í Róm. 1.27 fyrir hina ósæmilegu hegðun. Orðið dregur fram samfélagslega svívirðu eða skömm vegna óhóflegra ástríðna. Þýðingar sem tala um að „gera“ eða „fremja“ eitthvað ná ekki merkingunni nægilega, því orðið vísar til *ástands* eða *samfélagslegrar afleiðingar* af því sem gert er. Þeir hafa orðið sér og fjölskyldu sinni til skammar með því sem þeir gerðu. Því notaðist ég við þýðinguna „að stuðla að“ hér að framan. Andhverfan eu)sxemosu/nh lagði áherslu á heiðvirða framkomu þess sem hafði stjórn á sjálfum sér; a)sxemosu/nh vísar til opinberra viðhorfa gagnvart þeim sem höfðu ekki stjórn á sér og komu óorði á fjölskyldu sína vegna *ósæmilegrar hegðunar*. *Ofgnótt* (í kynlífi; bílífi almennt) leiddi auðveldlega til þessa ástands.

Ó/heiðvirðar ástríður, ó/náttúruleg mök

Hugum nánar að orðunum náttúru og ónáttúru í þessu sambandi. Með orðasambandinu „andstætt náttúrunni“ eða „ónáttúrulegur“ vísar Páll til *verknaðar* en ekki til langana. Páll segir að konur hafi breytt „náttúrulegri notkun“ (fusikh xrh=siv) í „ónáttúrulega“ eða „andstæða náttúrunni“ (para fu/sin) og að karlmenn hafi yfirgefið „náttúrulega notkun á konum“. Að Páll tali ekki um *ónáttúrulegar langanir* er skiljanlegt. Spurningin á hans dögum var ekki um *langanir sem beindust í ranga átt* heldur um

akatharsia einnig notað til að þýða toeþa, *viðurstyggð*, sem er sama orðið sem notað er um samræði karla í 3. Mós. 18.22 og 20.13.

réttmætar langanir sem fengu óæskilegt og óheft frelsi. Í þessu sambandi var hægt að tala um „ónáttúrulega hegðun“ sem kom til vegna „náttúrulegrar löngunar.“ Þessi orðanotkun hefur afleiðingar fyrir það hvernig við ímyndum okkur eða tölum um samræði eða samskipti fólks af sama kyni. Á dögum Páls var talið að samræði fólks af sama kyni byggði á sömu löngun og þeirri sem leiddi til kynlífs fólks af gagnstæðu kyni. Hugmyndin um það sem við í dag köllum *samkynhneigð* var einfaldlega ekki til.

Þeir fáu textar frá grísk-rómverski fornöld sem þó tala um „ónáttúrulegar langanir“ varpa ljósi á það hvers vegna litið var á samræði fólks af sama kyni sem „ónáttúrulega“. Hugmyndir þeirra voru aðrar en sumra í dag sem tala um samkynja erótík sem „ónáttúrulega“. Hin peripatetíska hefð geymir texta sem velta því fyrir sér hvers vegna suma karlmenn, í andstöðu við náttúru þeirra sem slíkir, langi til að vera teknir í kynlífi. Samkvæmt skilgreiningunni eru karlmann „ofan á“, þeir sem koma inn í aðra. Það er því „ónáttúrulegt“ að vilja láta einhvern annan taka sig (að aftan og ofan frá).¹⁹ Hið *ónáttúrulega* hefur ekkert að gera með erótíska löngun eins karlmanns til annars manns heldur er hið *ónáttúrulega* sú löngun mannsins að auðmýkja sjálfan sig með því að leika hlutverk sem er auðmýkjandi og hæfir konum og þeim er minna máttu sín.

Kynlíf í grísk-rómversku samfélagi var skilgreint samkvæmt ákveðnu stigveldi og samræði (hvort sem um var að ræða samræði karls og karls, karls og konu, konu og konu, eða manns og dýrs) gerði alltaf ráð fyrir því að sá sem kom inn í hinn væri æðri en sá sem tók á móti. Löngun mannsins að fá inn í sig lim var talin vera ónáttúruleg þar sem hann hafnaði þar með náttúrulegri stöðu sinni og virðingu hins æðra kyns; löngunin gerði að engu kyngervisstigveldi „náttúrunnar“. Í mökum tveggja kvenna var yfirleitt litið svo á að önnur yrði „að koma inn í hina“ og að það sem hún gerði væri andstætt náttúrunni.²⁰

Þetta eru rökin sem Platon setur fram gegn samræði fólks af sama kyni. Löngun karlmanns til annars karlmanns er „náttúruleg“ en þegar limur eins manns kemur inn í

¹⁹ Aristóteles, *Síðfræði Níkómakkosar* 1148b15-9a20; *Problemata* 4.26; Kenneth J. Dover, *Greek Homosexuality*, 168-69.

²⁰ Varðandi rannsóknir á stigveldi kyngervisins meðal Grikkja og Rómverja sjá Michel Foucault, *The History of Sexuality, III: The Care of the Self* (New York: Pantheon, 1986), 22-24, 130; Boswell, “Concepts, Experience, and Sexuality,” 72-73; John J. Winkler, *The Constraints of Desire* (New York: Routledge, 1990), 39-40, 51.

annan er það ónáttúrulegt í ljósi hins karl-kvenlega stigveldis alheims. Plútark sagði að samræði fólks af sama kyni sé „andstætt náttúrunni“ vegna „veikleika og kvenleika þeirra sem í andstöðu við náttúruna leyfa, með orðum Platons, aðra að hylja sig og koma upp á sig eins og skepnur.“²¹ Hér er gert ráð fyrir að það sé náttúrulegt fyrir konur að láta hylja sig og að komið sé upp á þær eins og skepnur.

Rit Fílons sýna að Gyðingar voru mótaðir af svipuðum skoðunum varðandi stigveldi kynhlutverka, náttúruna og innibýggða niðurlægingu hins kvenlega:²² 1. Að karlmaður laðist að öðrum karlmanni er „náttúrulegt“; löngun í samkynja mök er ekki „ónáttúruleg“; 2) samræði fólks af sama kyni gæti stafað af of mikilli löngun og með því að leyfa löngunum að leika lausum hala fara þær „handan náttúrunnar“; 3) þau atriði samræðis fólks af sama kyni sem eru talin „ónáttúruleg“ eru a) rof í hinu karl-kvenlega stigveldi; og b) samræði sem hefur ekki æxlun að markmiði sínu.

Ljóst er að Páll deildi mörgum skoðunum Fílons um kynlíf, þótt hann fjalli ekkert um getnað og æxlun eins og Fílon. Páll lýsir mökum fólks af sama kyni í Róm. 1.27 með skírskotun til *svívirðilegrar ástríðu* (v. 26). Gefur þetta til kynna að Páll hafi talið mök fólks af sama kyni byggja á löngun ólíkrar gerðar og þeirrar sem leiðir til maka fólks af ólíku kyni? Það væri hægt að draga þá ályktun *ef* við getum sýnt fram á að Páll geri ráð fyrir *heiðvirðri ástríðu* sem væri löngun til gagnstæðs kyns sem *jákvæðri andhverfu* við löngunina til sama kyns. En því er ekki fyrir að fara. Páll hefur *ekkert jákvætt* að segja um kynferðislega löngun eða ástríðu! Hann leit á allar ástríður sem *óheiðvirðar*.

Eini staðurinn annar í bréfum Páls þar sem *pa/qov* kemur fyrir er 1. Þess. 4.5 þar sem það er einnig tengt *e)piqumi/a* og vísar til kynferðislöngunar. Hér er löngunin aðaleinkenni á útlendingum og eitthvað sem menn eiga að forðast alfarið. Menn eiga að stunda kynlíf með eiginkonum sínum og *þannig forðast ástríður og langanir* (Kól. 3.5; Gal. 5.16, 19, 24). Páll notar orðið *e)piqumi/a* á stöku stað í jákvæðri merkingu (1. Þess. 2.17) en aldrei þegar hann fjallar um kynlíf.²³ Í 1. Kor. 7.9 leggur hann til að

²¹ Plútarkos, *Ástarspjall*, Morlia 751D; Platon, *Lögin* 636A-C; 836C-E.

²² Fílon, *Spec. Leg.* 3.43; *Abr.* 133-36.

²³ Þótt Páll sé neikvæður gagnvart ástríðum getur hann einnig notað orðið jákvæðrar merkingar eins og í 1. Þess. 2.17: „En vér, bræður, sem um stundarsakir höfum verið skildir frá yður að líkamanum til en ekki huganum, höfum *þráð* yður mjög og gjört oss allt far um að fá að sjá yður aftur.“ Sjá einnig Fil. 1.23.

fólk giftist ef það geti ekki stjórnað sjálfu sér á annan hátt. Það á ekki að giftast til að fá aðgang að réttum farvegi fyrir kynlífslöngun sína heldur til að koma í veg fyrir að hún brjótist upp á yfirborðið. Þótt það kunni að hljóma fáránlega fól ráðlegging Páls um að „það sé betra að gifast en að brenna“ í sér hvatningu til að stunda kynlíf í hjónabandi til þess að drepa ástríðurnar. Kynlíf var ekki jafn mikið vandamál eins og löngunin og ástríðan sjálf. Kynlíf innan hjónabands heftir þannig ástríðurnar. Það eru því mistök að telja að orðasambandið „óheiðvirðar ástríður“ gefi til kynna að til væru „heiðvirðar ástríður“ í huga Páls.²⁴

Að mati Páls var samræði fólks af sama kyni dæmi um óhefta ástríðu, þ.e. um *spillandi áhrif allra ástríðna sem fylgja m.a. kynlífi*. Líklega gagnrýnir Páll jafnframt samkynja samræði vegna kyngervisstigveldisins, þar sem karlinn var talinn *náttúrulega æðstur*. Orðasambandið *náttúruleg mök(notkun)* dregur fram kynbundinn mun; ákveðin „hlutverk“ og að hin líffræðilegu kyn uppfylli hvort annað. Að Páll tali um konurnar *þeirra* (1.26) er vísbending um kynbundin hlutverk, grundvölluð á ímynd karlmennskunnar sem *hins algilda viðmiðs í náttúrulegu kyngervisstiggveldi* alheims.

Að Páll skuli nefna konur sem „breyta náttúrulegum mökum“ áður en hann nefnir karlana er athyglisvert. Hugsanlega var það vegna þess að Páli fannst það sérstaklega ámælisvert að konur skyldu taka þátt í „óeðlilegum“ kynlífsathöfnum og tækju t.d. þátt í þeirri „ónáttúru“ sem fælist í því að taka á sig hlutverk karlmanna, þ.e. að verða gerendur í kynlífi. Hugsanlega nefnir Páll konur fyrst til að gera „ónáttúru“ karlanna enn „ónáttúrulegri“. Í gyðinglegum ritum er kvenerótík ekki einu sinni nefnd á nafn meðal lasta annarra þjóða. Páll gefur okkur ekki neinar upplýsingar um „ónáttúru“ kvennanna. Í ljósi þess sem hann segir um karlana, að þeir laðist hverjir að öðrum, draga menn yfirleitt þá ályktun að Páll sé að vísa til viljugs samræðis kvenna. Þessi ályktun er möguleg en hugsanlega ekki sú líklegasta.

²⁴ Páll viðurkenndi réttmæta kynlífslöngun og fullnægingu hennar (1. Kor. 7.9, „... betra er að ganga í hjónaband en að brenna af girnd“). Ef litið er á alþjóðleg ritskýringarrit yfir Rómverjabréfið frá 19. öld þá líta þau ekki á textann sem skýringu á samkynhneigð. Þau gerðu fremur ráð fyrir að *löngun* í samræði með einhverjum af sama kyni væri tjáning á almennri löngun en ekki ólíkrar tegundar kynhneigðar. Ritin gefa ekki skýringu á upphafi samkynhneigðar *löngunar* heldur ástæðunum fyrir kynmökum fólks af sama kyni sem gert er ráð fyrir að komi til sögunnar vegna girndar eða fýsnar sem hefur fengið að leika lausum hala.

Guðfræðingar fornirkirkjunnar áttu erfitt með að átta sig á því hvað Páll átti við þegar hann talaði hér um að konur hefðu breytt kynlífi sínu. Margir, svo sem Ágústínus, töldu að Páll hafi átt við afbrigðilega kynhegðun gagnkynhneigðra. Flestir þeirra litu þó svo á að tilvísunin til kvenna væri ekki vísun til lesbískrar hegðunar heldur til samræðis fólks af gagnstæðu kyni þar sem konan hafði tekið á sig hið „karllega“ hlutverk, t.d. með því að hafa frumkvæði í ástarleikjum eða með því að vera ofan á manningum.²⁵ Það var sérstaklega ámælisvert fyrir konu að vera í hlutverki gerandans í kynlífi. Þetta hjálpar okkur að skilja betur vísunina til kvenna sem breyta náttúrulegri notkun í ónáttúrulega.

Í þessu samhengi er jafnframt mikilvægt að átta sig á því að Páll vísar ekki hér til kvenna almennt heldur segir hann í gríska textanum konur „þeirra,“ þ.e.a.s. konur þeirra skurðgoðadýrkenda sem verið er að fjalla um í samhenginu. Þótt margir nútímapýðendur, þar með taldir íslenskir, hafi ekki áttað sig á mikilvægi ábendingarfornafnsins í þessu samhengi og einfaldlega sleppt að þýða það, á það ekki við um ritskýrendur fornirkirkjunnar sem margir hverjir áttuðu sig á því hvað Páll var að fara hér.²⁶

Náttúrulegt kynlíf

Í kynferðislegu sambandi tveggja karlmannna sýndi gerandinn sína karlmannlegu eiginleika en hinn óvirki eða „mjúki“ sína kvenlegu eiginleika. Róm. 1.26-27 gefur til kynna að Páll taldi að tvennt væri ámælisvert við slíka hegðun. 1) Hún hefur í för með sér taumlausar og óstjórnlegar ástríður og 2) er brot á þeirri *reglu* að *náttúrulegt kynlíf* ætti sér stað milli óæðri þolanda og karlgeranda.

Hér er mikilvægt að hafa í huga að Páll talar um að umræddir breyti kynhegðun sinni og notar sögnina að breyta í framsöguhætti. Fólk snýr kynhegðun sinni á haus og gengur inn í hlutverk sem séu andstæð réttu hlutverki. Með nútíma orðfæri:

²⁵ Sjá B. Brooten, “Paul’s View on the Nature of Women and Female Homoeroticism”(1985), 63, 80. idem, “Patristic Interpretations of Romans 1.26,” *Studia Patristica XVIII* I, bls. 287-91. Varðandi nútíma skoðanar sem fela m.a. í sér umræðu um endaparmsmök og munnmök, sjá Brooten 1996, 246-52.

²⁶ Bernadette Brooten, “Patristic Interpretations of Romans 1.26,” í Elizabeth A. Livingstone, ed., *Studia Patristica XVIII* (Kalamazoo, Michigan: Cistercian Publications, 1985), I, bls. 287-91

Gagnkynhneigt fólk ákveði að verða *samkynhneigt*! Í slíku ljósi er Páll ekki að gagnrýna *samkynhneigða* heldur *gagnkynhneigða* sem fara að stunda kynlíf með sama kyni! Hugtök sem byggja á orðinu *kynhneigð* eiga þó ekki við hér! Páll gagnrýnir alla sem taka þátt í erótískum kynlífsathöfnum með sama kyni. Nútímaleg aðgreining á kynhneigð byggð á *kyngervi* eða *kynvitund* viðfangsins hjálpar okkur ekki að skilja hvað Páll er að fara.

Til eru tvö grísk orð sem notuð voru á dögum Páls um konur og karla sem stunduðu *hómóerótískt* kynlíf, þ.e. orðin *triba* & *v* eða *ki/naidov*. Ef Páll þekkti til þeirra – sem verður að teljast líklegt – er ankannalegt í ljósi meintrar *hneigðar* þeirra *semkynhneigðu einstaklinga* sem margir telja að Páll vísi til hér, að hann skuli ekki hafa notað ofanefnd grísk orð í Róm. 1.26-27!

Rómverjabréfið 1 – Hið stærra samhengi

Í umfjöllun minni hér að framan voru færð rök fyrir því að sjá mætti dæmi um sambærilegt mynstur í framsetningu efnisatriða hjá Páli í 1. Korintubrési, 1. Þess. 1.9-10 og Róm. 15.5-16 og 1.21-28. Í öllum textunum er athygli lesenda dregin að því að skortur á sannri visku og þau mistök að dýrka ekki Guð, heldur hið skapaða, leiði til siðleysis. Þessi atriði tengjast áherslunni á herradæmi Krists, alheimsdýrkun, musteri Guðs við endi aldanna og dýrð Guðs. Hvað Róm. 1.21-28 varðar þá rekur Páll lesti þjóðanna á sviði skurðgoðadýrkunar og kynferðislegs siðleysis til heimsku þeirra (v. 21); þær töldu sig vitrar en urðu heimskar (v. 22). Vegna skorts á sannri visku skiptu þær út dýrð hins ódauðlega Guðs fyrir skurðgoð (v. 23) sem leiddi til þess að Guð gaf þær á vald svívirðilegum girndum sem birtust m.a. í kynferðislegu siðleysi (vv. 24-28). Sönn viska hefði komið í veg fyrir þetta (vv. 22-23). Í Róm. 1.21-28 er umfjöllunin, eins og í 1. Korintubrési, tengd dýrð Guðs (Róm. 1.21, 23; sbr. 1. Kor. 6.18 og 10.14).

Röksemdafærsla Páls er eftirfarandi: Skurðgoðadýrkun einkennir menningu annarra þjóða en Gyðinga. Við sköpunina gaf Guð nægar vísbendingar um góðsemi sína, völd og guðdómleika, þannig að allir hefðu getað öðlast þekkingu á honum og dýrkað hann einan, en „í stað þess að tilbiðja dýrlegan og eilífan Guð sneru þeir sér til mynda sem líktust dauðlegum manni, fuglum, ferfætlingum og skriðkvikindum“ (1.23). Þetta var sjálfviljug ákvörðun og hún er ástæða þess að „Guð ofurseldi þá

löngunum hjartna þeirra til óhreinleika, til þess að þeir svívirtu líkami sína hver með öðrum“ (1.24). Páll talar almennt um menningu annarra þjóða en Gyðinga, upphaf hennar og einkenni sem helst má sjá í „óhreinum athöfnum“.²⁷

Best er að líta á Róm. 1.18-23 sem afbrigði frá orðræðum um *hnignun menningarinnar* og *ástand þjóðanna*. Slíka texta má finna meðal Grikkja, Rómverja og Gyðinga.²⁸ Orðræður þeirra byggjast á hugmyndafræði frumstæðishyggjunar (primitívismans) er lýstu mannlegu samfélagi í *upphafi* til að gera grein fyrir ástandingu *eins og það er nú*. Samkvæmt þessari hugmyndafræði hafði hnignun átt sér stað í mannlegu samfélagi frá því það var upp á sitt besta (sbr. gullöld Hesíodosar í *Verkum og dögum*). Gyðinglegar frásagnir um Adam og Evu eru oft litaðar af frásögnum er litu aftur til hinnar fornu gullaldar.

Jósefos, Fílon og Páll eru hellenskir Gyðingar sem tjá viðhorf sem rekja má allt aftur til upphafs hins gyðinglega lögmáls sem taldi að kynlífslestir væru einkennandi fyrir aðrar þjóðir og tengdi þá sérstaklega við skurðgoðadýrkun þeirra. Þangað má rekja upphaf alls illis (*Speki Salómons* 14.27). Þótt Pál vísi ekki beint til bannsins í 3. Mós. um samræði karla eru næg atriði í Róm. 1.26-32 sem minna á 3. Mós. 18 og 20 til að hægt sé að álykta að Páll hafði þá texta í huga. Við vitum ekki hvort Páll hafi þekkt Jósefos eða Fílon en hann þekkti *Speki Salómons* 14.26 sem notar orðasambandið *geneseos enallage* (breyting á uppruna manns) sem minnir á meth&llacan í Róm. 1.26b sem var stundum notað yfir kynlífsbrot.²⁹

„Að breyta“ (*allasso/metallasso*) er notað í gyðinglegum ritum um kynlífsbrot og einnig í röksemdafærslu Páls er hann segir að menn hafi skipt út hinum eina sanna Guði fyrir myndir.³⁰ Orðfæri Pál minnir á *Testamenti Naftalís* (3.1-5) sem talar um að „Sódóma hafi breytt hinni náttúrulegu reglu“ með vísan til kynlífs. Að taka hið skapaða fram yfir skaparann leiðir til breytingar á hefðareglu; breytinguna má m.a. sjá í „óeðlilegri“ kynlífshegðun. Páll virðist hafa valið kynmök fólks af sama kyni sem

²⁷ Sjá sambærilega umfjöllun Páls um meðhöndlun Guðs á Ísraelsþjóðinni í Róm. 11.11-36.

²⁸ Stanley K. Stowers, *A rereading of Romans* (Yale University Press, 1994), 85, 97-100.

²⁹ Bernadette J. Brooten, *Love between Women: Early Christian Responses to Female Homoeroticism* (Chicago: University of Chicago Press, 1996), 282-83, nefnir eftirfarandi: 1) Í báðum textunum er að finna áþekkan orðaforða (*LXX akatharsia, askhemosyne*); 2) í báðum er að finna almenna fordæmingu á samræði karla; 3) sem fyrir vikið eiga skilda dauðarefsingu).

³⁰ Sálm. 106.20 (*LXX*) er baksviðstexti Róm. 1.23.

dæmi um óviðurkvæmilega hegðan því það dróg best fram þá staðreynd að Guði hafi verið skipt út fyrir líkneski. Þetta dæmi var áhrifameira en lestirnir sem tíundaðir eru í Róm. 1.29-31. Hin náttúrulega regla er hin guðlega regla og að taka sköpunina fram yfir skaparann leiddi til kúvendingar á eðlilegri skikkan skaparans; regla leiddi til óreglu þannig að „eðlileg mök“ (*physike khresis*) urðu „ónáttúruleg“ (*para pysin*).

Oft vísa fræðimenn til sköpunarsögunnar til að undirstrika mismun á kyngervi og mikilvægi þess að hin tvö líffræðilegu kyn uppfylli hvort annað samkvæmt guðlegri skikkan (1. Mós. 1.27). En *pysis* (náttúra) er ekki samheiti *ktisis* (sköpun) í guðfræði Páls.³¹ Mælikvarðinn á hinu „ónáttúrulega“ tengist ekki sköpunarguðfræði Páls. Þess í stað tengist *para physin* „lög máli náttúrunnar“ (*nomos physeos*) sem birtir lög Guðs.³² Sköpunin er kynnt til sögunnar vegna „Guðs“ og eiginleika hans sem mönnum ætti að vera kunnugt um í ljósi sköpunarinnar, þannig að það er heimskulegt af mönnum að dýrka sköpunina í stað skaparans og snúa þannig á haus því sem eðlilegt er (v. 20).

Hvað á Páll við þegar hann segir að karlmenn „hafa sjálfir fengið að kenna á afleiðingum villu (*plane*) sinnar“? Viðtekin túlkun telur að orðið *plane* vísi í samkynja samræði og að „málagjöldin“ (*antimisthia*) eða refsingin sé einhver slæm afleiðing slíkrar hegðunar. Ýmsar þýðingar tala um „refsingu“ sem þeir „reyndu/upplifðu í eigin persónu/á sjálfum sér,“ en það getur varla talist góð þýðing á *en heautois*, „meðal þeirra sjálfra“. Enginn hefur geta gefið viðhlítandi skýringu á því hver refsingin gæti hafa verið. Þótt menn hafi nefnt gyllinæð og smitandi kynlífssjúkdóma eru hvoru tveggja ófullnægjandi skýringar þar sem slíkt er ekki afmarkað við samkynja mök eða aðra en Gyðinga. Þótt Páll notið *plane* all oft þá notar hann það ekki um löngun eða tiltekna hegðun heldur um ranga trú. Jafnvel í 1. Þess.2.3 þar sem orðið „villa“ kemur fyrir ásamt „óhreinleika“ og „blekkingu“ er ljóst að Páll vísar til falskrar kennslu sem blekkir áheyrendur og eykur veg (villu)kennarans (2.5-6).³³

³¹ Odda Wischmeier, “*physis und ktisis bei Paulus: Die Rede von Schöpfung und Natur*,” *Zeitschrift für Theologie und Kirche* 93 (1996), 352-75.

³² Wischmeier 1996, 361-64; Broten 1996, 267-71. Hugmyndin um lög(mál) náttúrunnar er mikilvæg í ritum Fílons og Páll notar svipað orðalag í áþekkri merkingu í Róm. 2.14, *physei ta tou nomou*. Sjá Markus Bockmuehl, “*Natural Law in Second Temple Judaism*,” *VT* 45 (1995), 17-44 (sbr. 39-42).

³³ Varðandi konur í Róm. 1.26 sjá Bernadette Broten, *Love between Women: Early Christian Responses to Female Homoeroticism* (Chicago: University of Chicago Press, 1996).

Einfaldasta túlkunin er bæði í samræmi við orðanotkun Páls annars staðar og textasamhengið: *Plane* (villa) vísar til skurðgoðadýrkunarinnar sjálftrar og *antimisthia* (málagjöldin/afleiðingin) til óhreinleika og vanvirðu þjóðanna. Á þennan hátt heldur *plane* algengri merkingu sinni sem „röng trú“; Páll vísar þá þegar til „villunnar“ í Róm. 1.21³⁴ og endurtekur í v. 27 það sem hann hafði þá þegar sagt í vv. 24 og 26. Þar sem þjóðirnar yfirgáfu hinn sanna Guð og sneru sér að skurðgoðum ofurseldi Guð þær á vit langana hjartna þeirra til óhreinleika/vanvirðu sem leiddi m.a. til samkynja samræðis. Afleiðingarnar eru sýnileg atriði menningarinnar sem menn verða vitni að. Að lokum segir Páll að þessi ráðstöfun Guðs sé réttlæt看leg:

Þar eð þeir hirtu ekki um að varðveita þekkinguna á Guði ofurseldi Guð þá ósæmilegu hugarfari svo að þeir gjörðu það sem ekki er tilhlýðilegt. Þeir eru fullir alls konar rangsleitni, vonsku, ágirnd og illsku. Þeir eru öfundsjúkir, þeir myrða, eiga í deilum, blekkja. Þeir eru illgjarnir, tala illa um aðra og rægja þá, þeir hata Guð, þeir eru hortugir, hrokafullir, gortarar, hrekkvísir, þeir hlýða ekki foreldrum sínum, óskynsamir og geta ekkert skilið, óáreiðanlegir, kærleikslausir, miskunnarlausir. Þeir eru menn sem þekkja réttðæmi Guðs og vita að þeir er slíkt fremja eru dauðasekir. Samt fremja þeir þetta og gera að auki góðan róm að slíkri breytni hjá öðrum (Róm. 1.28-32; þýð. 1981/2005).³⁵

Í þessum lista yfir lesti þjóðanna er kynlíf ekki nefnt á nafn; einblínt er á atriði sem leiða til félagslegrar óeiningar. Aðrir en Gyðingar *voru nú þegar fylltir* af þessum löstum og réttlættu þá. Páll lýsir ekki löstumum sem synd heldur sem „óviðurkvæmilegri hegðun“ (me kathekonta). Þessir menn eru ekki dauðasekir vegna „ónáttúrulegs“ samkynja samræðis heldur vegna lastanna í listanum sem byrja á tilvísun í *alls konar rangsleitni*.

Allt frá ofanverðri 2. öld e.Kr. hefur verið talið að goðsagan um fall mannkyns í garðinum Eden hafi litað hugmyndir Páls í Róm. 1-3. Enn þann dag í dag telja

³⁴ Sjá Countrymans, 1988, 115-16; Scroggs 1983, 115-116 og Brooten, 1996, 221. Málfræðin gefur ekki til kynna framtíðardóm heldur viðvarandi ástand. Að „menn hafi brunnið í girnd til hvers annars“ er tjáð með aoristus tíð (*exekauthesan*) sem lýsir loknum verknaði. Nútímaafleiðingar hans er lýst með tveimur lýsingarháttum í nútíð: Menn „breyta óviðurkvæmilega meðal sjálfra sín“ (*katergazomenoi*) og á sama tíma fá þeir (*apomabanontes*) makleg málagjöld.

³⁵ Sjá *Speki Salómons* 14.21-27.

margir ritskýrendur að Róm. 1.18-32 sé hluti af röksemdafærslu Páls um syndugleika mannkyns eða syndugt eðli allra manna og að sú röksemdafærsla nái allt til Róm. 3.20. En upprunalegir lesendur Páls höfðu líklega allt aðra sögu í huga við lestur textans. Það sem ritskýrendur fornkirkjunnar lásu sem afleiðingar af falli mannkyns í garðinum Eden í ljósi tiltekinnar hjálpræðissögu las Páll sem lýsingu á spillingu og hnignun annarra þjóða en Gyðinga. Fyrri goðsagan skýrir hvernig mannlegt eðli varð eins og menn töldu það vera; sú seinni lýtur að hinum trúar- og þjóðernislega *öðrum* en Gyðingum og skýrir afleiðingar þess að þjóðirnar urðu fráhverfar Guði Ísraels. *Mannlegt eðli og hinn þjóðernislegi annar* eru gjörólík viðfangsefni og svara ólíkum spurningum.

Páll vísar þannig ekki til sköpunartexta 1. Mós. 1-3 þegar hann lýsir *villu* manna.³⁶ Hann vísar hér ekki til Adams og Evu, aldingarðsins Edens, *syndafallsins* eða syndugs ástands alls mannkyns. Páll ræðir síðar í bréfinu um misgjörð Adams og *þrá* náttúrunnar (Róm. 5.12-21; 8.18-25) en í öðru samhengi. Það sem Páll er að fjalla um í Róm. 1 tengist *skýringum á upphafi og afleiðingum skurðgoðadýrkunar og fjölgyðistrúar*. Rabbínskir Gyðingar sem veltu slíku fyrir sér leituðu sumir upphafsins til Kenans eða Enosar (sonar Sets) eða til ættmanna Enosar. Í þeim textum voru ástæður hnignunar allra annarra þjóða en Gyðinga raktar til þessa uppruna. Frægt dæmi er 1. Enoksbók sem fjallar um „syni Guðs“ (sbr. 1. Mós. 6) sem stigu til jarðar og heilluðust af konum og gátu með þeim rísa eða skrímsli sem kynntu undir alls konar vonsku meðal manna, svo sem stríð og kynferðislegri upplausn.

Páll nýtir sér hellenskar og gyðinglegar hugmyndir um lögmál náttúrunnar til að leggja áherslu á siðferðilegar afleiðingar þess að ganga gegn þeirri reglu og því markmiði sköpunarinnar sem sýnilegt er í hefðbundinni breytni og venjum. Lög Guðs birta hið eðlilega í hefðinni, þ.e. þau siðferðisgildi sem smám saman hefur skapast sátt um innan skikkann skaparans! Hefðbundin „munstur“ eru vísbendingar um algilt

³⁶ Þannig Scroggs 1983, 114-115; Countryman 1988, 114-15; Pronk 1993, 277-78 og Furnish 1994, 30. Andstætt Hays 1986, 194. Mauser 1996a, 10-12; 1996b,30 telur að röðin „dauðlegur maður, fuglar, ferfætlingar og skriðkvikindi“ í Róm. 1.23 gæti endurómað 1. Mós. 1.26. Textinn leggur áherslu á muninn á skapanum (sem manni ber að dýrka) og sköpuninni (sem manni ber ekki að dýrka) og tengist því fremur því sem á undan er en því sem á eftir kemur.

siðferði byggt á lögmáli Guðs.³⁷ Þessi guðfræði byggir ekki á 1. Mós 1-3 heldur á hugsun samtíðarmanna og nánustu forvera Páls.

Baksviðstextar Páls geyma því orðræðu um *hnignun menningarinnar*. Í gyðinglegum textum (s.s. *Júbíleabókinni*) var orðræðan notuð til að skilja hina *hreinu* Gyðinga frá hinum syndumspilltum útlendingum. Fyrir Gyðingum voru frásögurnar ekki dæmi um hnignun Gyðinglegrar menningar eða alls mannkyns heldur um hnignun *annarra* þjóða en Gyðinga. Saurlífi (pornei/a) og skurðgoðadýrkun voru dæmi *par excellence* um þessa hnignun.

Textarnir í 1. Korintubréfi og í Rómverjabréfinu sem hér hafa verið til umfjöllunar sýna hvernig Páll nýtti sér þessa orðræðu, annars vegar til að draga félagsleg mörk milli safnaðarins í Korintu í ljósi óæskilegrar hegðunar (1. Kor. 5-7) og hins vegar til að draga athygli lesenda að afleiðingum þess að hafna hinum eina sanna Guði (Róm. 1). Nákvæm merking einstakra orða, s.s. í 1. Kor. 6.9-10 og Róm. 1.24-32, skiptir minna máli en hlutverk textaknippanna í stærra samhengi þeirra. Jafnframt ber að ítreka í ljósi fyrrnefndra rannsókna á kyngervi og kynlífi meðal Forn-Grikkja og Rómverja að þótt einhverjir textar í bréfum Páls fjalli á neikvæðan hátt um samræði fólks af sama kyni geyma þeir ekki fordæmingu á *samkynhneigð*.

Hér í lokin ber að benda á eitt atriði sem lítur að markmiði Páls í Rómverjabréfinu. Ýmsir sérfræðingar telja að Róm. 12.1-3 (parakalw~ ou]n u9ma=j,a0delfoi/ o.s.frv.) sé þungamiðja bréfsins.

1. Því brýni ég yður, bræður, að þér, vegna miskunnar Guðs, bjóðið fram sjálfa yður að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn. Það er sönn og rétt guðsdýrkun af yðar hendi. 2. Hegðið yður eigi eftir öld þessari, heldur takið háttaskipti með endurnýjung hugarfarsins, svo að þér fáið að reyna, hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna.

Faríseinn Páll taldi hið gyðinglega fórnarhelgihald mikilvægt og fann þar orðfæri endurlausnar og myndlíkingar fyrir mannlega hegðun. Auðvelt er að skilja Róm. 12.1-2 í því ljósi. Orðasambandið *sönn/skynsöm guðsdýrkun* (logiken latreian) birtir grísk-gyðinglegar hefðir en hvatningin um að menn bjóði fram líkama (sw&mata) sína að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn (qusi/an zw~san a9gi/an eu0a/reston tw~| qew~|) með áherslunni á líkamlega vídd heilagleikans er í andstöðu við ýmis samtíðarviðhorf

³⁷ Bockmuehl 1995, 43.

er litu neikvæðum augum á líkamann. Jafnframt hvetur Páll lesendur til að taka háttaskiptum eða umbreytast (metamorfou=sqe) með endurnýjung hugarfarsins (th|=a0nakainw&sei tou= noo/j). Með yfirfærðri merkingu fórnarorðræðunnar svarar Páll ásökuninni um að hið lögmálslausu fagnaðarerindi hans leiddi eða hvetti til siðleysis (6.1-7.6).³⁸

Ljóst er að í Róm. 15.15-16 vísar Páll til sjálfs síns er hann talar um sig sem helgipjón Krists Jesú hjá þjóðunum sem innir af hendi prestþjónustu við fagnaðarerindi Guðs til þess að þjóðirnar mættu verða Guði velþóknanleg fórn, helgaðar af heilögum anda. Hér talar Páll um sjálfan sig og starfsemi sína á prestlegum nótum; sem prestur fórnfærir hann ávexti postullegrar starfsemi sinnar meðal þjóðanna. Þessi yfirfærða orðræða minnir um margt á hið apókalyptíska málfar í Jesaja 2.2-4. Eins og Farísear yfirfærðu boðið um að verða að konungdæmi presta talar Páll um að fórn hans leiði menn sem ekki eru Gyðingar til hlýðni (Róm. 15.18). Með því að setja jafnaðarmerki milli fórnar og hlýðni og tengja hvorutveggja við sína prestlegu þjónustu leggur Páll áherslu á að helgun þjóðanna eigi sér nú stað á hinum hinstu dögum. Hér má sjá andlega túlkun orðræðu helgihaldsins.³⁹

Líta má á hvatningarorðin í Róm. 12.1-12 sem niðurstöðu umfjöllunar Páls fyrir í bréfinu um hnignun þjóðanna og samband Gyðinga og annarra í hinu nýja samfélagi trúskiptinga sem sannfærst höfðu af fagnaðarerindi Páls. Hér hvetur Páll til sérstakrar guðsdýrkunar sem felur í sér að menn endurnýji hugarfar sitt og bjóði fram líkama sína sem lifandi fórn. Í Róm. 12.3-15.14 lýsir Páll á hvern hátt þessi lifandi fórn birtist í gagnkvæmri virðingu og væntumþykju og samlögun að þörfum annarra. Í hvatningunum leggur Páll áherslu á umhyggju og elsku til annarra innan samfélagsins. Meginþunginn í röksemdafærslu Páls er því að tryggja einingu þeirra trúskiptinga sem sannfærst höfðu af fagnaðarerindi hans með því að fjalla almennt um hegðun hinna

³⁸ *Líkaminn* er hér notaður um manninn í heild, ekki óáþekkt og hjá Fíloni (*Leg Spec.* 272). Hans Dieter Betz hefur lagt til að Páll sé hér að skilgreina kristna trú sem skynsaman átrúnað (“Christianity as a Religion: Paul’s Attempt at Definition in Romans,” JR 71 (1991), 315-44).

³⁹ Sbr. einnig Fil. 2.17 þar sem trú Filippímanna og líf Páls sjálfs eru tjáð með fórnarhugtökum. Í 1. Kor. 3.16-17 talar Páll um samfélagið sem musteri; þar er augljóslega um að ræða yfirfærða eða andlega túlkun á musterinu. Jákvætt mat á orðasambandinu *andleg túlkun* í ritum Páls má sjá hjá Daniel Boyarin í bókinni *A Radical Jew. Paul and the Politics of Identity* (Bekeley: University of California Press, 1994), 81-135

heilögu (v. 13, oi9 a3gioi) innan samfélagsins og gagnvart öðrum utan þess. Þetta var einnig almennt viðfangsefni Páls í 1. Kor. 5-7.

Lokaorð

Kristin trú kom til sögunnar á upphafsöldum okkar tímatalis í tengslum við ákveðna túlkun á gyðinglegum hefðum. Samhliða þeirri þróun tóku tvö stór ritsöfn smám saman á sig endanlega mynd. Þessi ritsöfn fengu síðar heitin Gamla testamentið og Nýja testamentið og urðu tveir hlutar Biblíunnar. Eitt meginhlutverk hins nýja regluritasafns var að skilgreina hina nýju trú og efla samfélagsvitund þeirra karla og kvenna sem sameinast höfðu um ákveðin atriði gyðinglegra trúarhefða. Þessar trúarhefðir nýttu sér m.a. frásagnir hinnar gyðinglegu helgisögu um upphaf alheims og upphaf Gyðinga og helstu trúarleiðtoga þeirra. Trúarsamfélögin tileinkuðu sér orðfar hinna gyðinglegu hefða til að móta eigin sjálfsvitund í andstöðu við aðra. Túlkunarhefðirnar sem tengdust þessum upprunagoðsögum voru því útilokandi en hinar gyðing-kristnu hefðir gerðu ráð fyrir samfélögum sem höfðu áhrif á hið stærra umhverfi með því að skilja sig frá „umhverfinu“ með hliðsjón bæði af „trúarlegum“ og „siðferðilegum“ áhersluþáttum.

Samhliða myndunarsögu Biblíunnar og túlkunarvinnu hinna gyðinglegu og fyrstu „kristnu“ samfélaga var því gerð meðvituð tilraun til að skilgreina æskilega breytni sem lögð var til grundvallar við að marka skil milli þeirra sem tilheyrðu samfélagi „heilagra“ og þeirra sem fyrir utan stóðu. Eitt elsta dæmið um slíka orðræðu er einmitt að finna í 1. Korintubræfi Páls postula. Í þeirri orðræðu voru bæði guðfræðileg og siðferðileg atriði mikilvæg, atriði sem áður höfðu tengst skilgreiningu Gyðinga á „heiðnum þjóðum“. Kristnar kirkjudeildir tóku því í arf ritsafn sem styðst við helgisögu sem byggir á útilokandi skilgreiningarþætti á „öðrum“ á grundvelli trúarlegra og siðferðilegra þátta. Viðfangsefni þeirra trúarsamfélaga sem hafa tekið í arf þessa orðræðu og helgiritahefð er að skilgreina í stöðugri samræðu við hinar rituðu hefðir, að hve miklu leyti hin trúarlegu og siðferðilegu viðmið genginna kynslóða eiga heima í umræðu líðandi stundar. Hvaða siðferðilegu álitamál skipta máli sem einkenni á hinum „útvöldu“ og „heilögu“ í samtímanum?